

23. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 12. maí 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Steinunn Leósdóttir, Ólöf K. Arnmundsdóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 28.04.2011

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð USB dags. 03.05.2011

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð USB og hafnarnefndar (sameiginleg) dags. 10.05.2011

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð USB og Hafnarnefndar (sameiginleg) dags. 12.05.2011

Fundargerðin afhent á fundinum.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag á hafnarsvæðinu á Þórshöfn og eru breytingar í 9 liðum og eru eftirfarandi .

- vegtening á milli Eyrarveggar 3 og smábátahafnar breytist þannig að aðkoma að hafnarsvæði verður áfram um Eyrarveg en með hringakstri kringum Eyrarveg 1-3
- í skipulaginu eru skilgreindir 7 byggingarreitir í stað 4 áður
- hámarkshæð húsa verður bundin við hvern byggingarreit fyrir sig sem skilgreind er á uppdrætti
- ekki er gert ráð fyrir niðurrifi Eyrarveggar 8 og syðri enda Eyrarveggar 3
- fyrirkomulag bílastæða sunnan Eyrarveggar 3 breytist og þar með eykst fjöldi stæða, þ.e. úr 37 í 62
- ráðgerð eru 83 bílastæði við Hafnarveg
- útivistarstígur hefur verið skilgreindur við hafnargarðinn
- gert er ráð fyrir tveimur skorsteinum, 25 m og 35 m háum við nýtt ketilhús
- ráðgerð eru fjögur síló meðfram verksmiðjunni við Hafnarveg 4-6 sem verða að hámarki 40 m há.

Sveitarstjórn samþykkir tillögurnar og er sveitarstjóra falið að auglýsa þær.

Jafnframt lagði nefndin til að gerðar yrðu sérstakar samþykktir um úthlutun á byggingarreitnum við höfninni þar sem vigtarskúrin er nú.

Fundargerðin í heild sinn samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð Nausts dags. 06.05.2011

Lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð AP dags.27.04.2011

Lögð fram til kynningar.

7. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29.04.2011

Lögð fram til kynningar.

8. Fundargerð Eypings dags. 07.02.2011

Lögð fram til kynningar.

9. **Fundargerð Eyþings dags. 05.04.2011**

Lögð fram til kynningar.

10. **Skýrsla sveitarstjóra.**

- Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
- Rekstarleigusamningur vegna bíls áhaldahússins á Bakkafirði rennur út 5. júní nk. en samningurinn var gerður 29. júní 2008 Sveitarstjóra falið að skoða kaup á öðrum bíl til að hafa á Bakkafirði.
- Sveitarstjóri fór yfir að hann og formaður landbúnaðarnefndar funduðu með refaveiðimönnum 6.maí sl. og var sá fundur mjög góður og búið að leysa þau mál.
- Sveitarstjóri lagði fram tillögu frá Þekkingarsetri Þingeyinga vegna greiningu á dagvistarmálum í Langanesbyggð, um er að ræða vinnu upp á upb. 25 tíma. Samþykkt samhljóða.
- Sveitarstjóri fór yfir að Ísfélagið væri tilbúið að leigja sveitarfélagin neðstu hæð húsnæðis að Langanesvegi 1 fyrir framhaldsskólann. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöðu málsins. Samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna áfram í málinu og koma með kostnaðaráætlun vegna breytinga og reksturs hússins.
- Sveitarstjóri fór yfir að þann 29. apríl sl. var bjargnytjum úthlutað.
- Sveitarstjóri benti á að á fimmtudaginn 19. maí nk. verður aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga kl.13:00 í félagsheimilinu Þórsveri .

11. **Úttektarskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 18.04.2011**

Í skýrslunni er bent á hvað ábótavant er varðandi húsnæði leikskólans Barnabóls. Á fundum sveitarstjórnar síðastliðinn vetur hefur sveitarstjórn fjalla um húsnæðismál leikskólans og hefur það verið ljóst í nokkurn tíma að gera þurfi endurbætur á húsnæði og leikskólasvæði. Í dag eru 37 börn á leikskólanum og hafa sveitarstjórnarmenn velt því fyrir sér hvaða leið er best til framtíðar, meðal annars hvort er hagstæðara að byggja nýtt húsnæði eða byggja við Sel. Sveitarstjórn ásamt skólanefnd mun vinna áfram í málinu og sveitarstjóra falið að svara erindinu.

12. **Skoðunarskýrsla Vinnueftirlitsins dags 20.04.2011**

Í skýrslunni er bent á hvað er ábótavant varðandi húsnæði leikskólans Barnabóls. Vísað í bókun 1 .Samþykkt samhljóða.

13. **Fundargerð samrekstrarnefndar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps dags. 03.05.2011**

Á sameiginlegum fundi lagði Svalbarðshreppur fram nýja útreikninga á samrekstri til tveggja ára þar sem þeir telja að Lnb. hafi ofreiknað samreksturinn . Endurskoðandi fór yfir málið í síma og fór yfir möguleika í málinu. Sveitarstjóra falið að ganga frá ársreikningi með endurskoðendum og einnig falið að svara Svalbarðshreppi. Ársreikningur verður lagður fram til fyrri umræðu miðvikudaginn 18. maí nk.

Samþykkt samhljóða.

14. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags.27.04.2011**

Lagt fram til kynningar.

15. **Ósk um styrk dags 27.04.2011**

Samþykkt að taka erindið fyrir á trúnaðarfundi sveitarstjórnarfundi.

Fundargerðin upplestin og samþykkt, fundi slitið kl.19:10